



Skólaráðsfundur 12. desember 2018

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Linda Birgisdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Andrea Ásgrímsdóttir og Kristín Hjartardóttir fulltrúar foreldra, Sigmundur Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Filoreta Osmani formaður nemendafélags skólans, Börkur Kristinsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundaritari). Jenný Lárusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins var forfölluð.

1. Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri, kynnti sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2017-2018. Farið var yfir þá þætti sem liggja til grundvallar sjálfsmati skóla og hvaða matsaðferðir eru notaðar auk þess að fara yfir helstu niðurstöður.
2. Guðný Karlsdóttir kynnti niðurstöður á samræmdum könnunarprófum í 4. og 7 bekk sem voru í september. Almenn ánægja er með niðurstöður nemenda í Njarðvíkurskóla. Umræður um hvernig er unnið með niðurstöður nemenda.
3. Ásgerður Þorgeirsdóttir, skólastjóri, fór yfir vinnu við fjárhagsáætlun skólans fyrir næsta ár og hvaða tölur liggja til grundvallar í rekstri skólans. Launaliður á þar stærstan hlut. Í samtali við bæjarstjóra er líklegt að sú áætlun sem skólastjóri lagði til grundvallar verði samþykkt í bæjarstjórn.
4. Ásgerður fór yfir dagskrá desembermánaðar. Að beiðni kennara fór dagskráin seinna af stað en síðustu ár með því markmiði að halda almennri kennslu lengra út mánuðinn og hefur það tekist mjög vel.
5. Kristín Hjartardóttir, formaður foreldrafélagsins, sagði frá því að jólafondur foreldrafélagsins gekk mjög vel.
 - a. Næsti fundur verður í janúar og þá fer skólaráð í heimsókn til nemendaráðs og fær kynningu á því starfi sem þau standa fyrir.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri